

86

24. apríl

11. gr. Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd í Reykjavík og þriggja manna nefndir á Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Hornafirði og Vestmannaeyjum, er úrskurði beiðnir um undanþágu frá samfloti samkvæmt 10. gr.

Nefndirnar skulu þannig skipaðar:

- a. Í Reykjavík 2 menn að fengnum tillögum stjórnna stéttarféлага sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, einn að fengnum tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipa-eigenda og einn að fengnum tillögum Félags útgerðarmanna línuveiða- og fiskkaupaskipa. Fimmta manninn skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.
- b. Utan Reykjavíkur einn maður að fengnum tillögum stjórnna stéttarféлага sjómanna eða verkalýðsfélaga á hverjum stað og annan að fengnum tillögum frá útgerðarmönnum. Þriðja manninn skipar ráðherra án ábendingar og er hann formaður.

Skipa skal jafnmarga varamenn sem aðalmenn.

12. gr.

Áður en undanþága er veitt, skal siglingaskipstjóri leggja fram gögn fyrir því, að næg skipshöfn til siglinga á viðkomandi skipi sé fyrir hendi.

Ekki má láta skipverja á nokkurn hátt gjalda þess, þó að hann sigli ekki á skipinu milli landa.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.

14. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem opinber mál.

Reglugerð þessi er hér með sett, samkvæmt lögum frá 14. apríl 1943, um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Gunnl. E. Briem.*

87

30. apríl

## REGLUR

### um innheimtu útsvara í Vestmannaeyjum 1943.

1. gr.

Sérhver útsvarsgjaldandi í Vestmannaeyjum skal árið 1943 greiða 20% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar 1942, til greiðslu upp í útsvar 1943 með gjalddaga 1. maí.

2. gr.

Um innheimtu, endurgreiðslu og dráttarvexti fer eftir lögum nr. 15/1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943.

3. gr.

Skylda kaupgreiðanda um að halda eftir af kaupum upp í útsvarsgreiðslur fer eftir lögum nr. 23 frá 1940.

## 4. gr.

87

Lögtaksréttur er á vangoldnum útsvarsgreiðslum samkvæmt reglum þessum eftir þeim ákvæðum, sem gilda um lögtök fyrir vangoldnum opinberum gjöldum. 30. apríl

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Vestmannaeyja samkvæmt lögum nr. 15 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinneimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Vigfús Einarsson.*

## SAMÞYKKTIR

88

fyrir sparisjóð Flateyjar á Breiðafirði.

3. maí

### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Flateyjar, er heimili hans og varnarþing í Flatey.

## 2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera að minnsta kosti 15, og ábyrgjast þeir hver um sig kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — til að bæta tjón, er sjóðurinn kann að verða fyrir og varasjóður ekki hrekkur til. (Varasjóður sjóðsins er nú kr. 16200.00 — sextán þúsund og tvö hundruð krónur — 1943.)

Stjórnin skal ávallt annast um að bæta nýjum mönnum í ábyrgð sjóðsins í stað þeirra, er ganga úr samkv. 3. gr. þessarar samþykktar.

## 3. gr.

Ábyrgð ábyrgðarmanna fellur niður:

- a. við hurtflutning úr lögsagnarumdæminu,
- b. — andlát,
- c. — missi fjárforræðis,
- d. — gjaldþrot,
- e. — nauðasamninga,
- f. — ef maðurinn verður öreigi á annan hátt.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, tveir kjörnir á aðalfundi úr hópi ábyrgðarmanna og tveir varamenn, einn kosinn af sýslunefnd og einn varamaður; gildir kosning þeirra til eins árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Einn er formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum.

Deyi stjórnarnefndarmaður eða forfallist á annan hátt samkv. ákvæðum 3. gr. þessarar samþykktar, tekur varamaður hans sæti í stjórninni til næsta aðalfundar.